

**Ed.**

**600. Nefndarálit**

**[217. mál]**

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1981.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um frv. og fengið gögn og upplýsingar frá eftirtöldum aðilum:

Fjárlaga- og hagsýslustofnun, Seðlabanka Íslands, Framkvæmdasjóði Íslands, Láanasjóði sveitarfélaga, Aflatryggingasjóði sjávarútvegsins, Bjargráðasjóði, Húsnæðisstofnun ríkisins, Sambandi almennra lifeyrissjóða, Framkvæmdasjóði öryrkja og þroskaheftra, Landsvirkjun, Rafmagnsveitum ríkisins, Búnaðarbanka Íslands, Verslunarráði Íslands, Fiskveiðasjóði Íslands, Íslenska járnblendifélaginu, Endurhæfingaráði, Iðnláanasjóði, Iðnrekstrarsjóði, Félagsheimilasjóði, iðnaðarráðuneyti, sammöguráðuneyti og Þjóðhagsstofnun.

Auk ofangreindra aðila bárust upplýsingar um hitaveituframkvæmdir í einstökum bæjar- og sveitarfélögum og um hafnaframkvæmdir vegna skipaiðnaðar.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt með breytingartillögum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali. Nánari grein verður gerð fyrir afstöðu meiri hlutans og þessum breytingartillögum í framsögu.

Alþingi, 6. apríl 1981.

Ólafur Ragnar Grímsson,  
form., frsm.

Davíð Aðalsteinsson.  
Gunnar Thoroddsen.

Guðm. Bjarnason.